



Jafnlaunastefna Veritas og dótturfélaga

Gildissvið: Stefna þessi gildir fyrir allt starfsfólks Veritas og dótturfélaganna Distica, Stoð og Vistor.

Félögin gæta fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Starfsfólk félaga skal fá greitt jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum forsendum.

Forstjóri og mannauðsstjóri bera ábyrgð á jafnlaunastefnunni ásamt framkvæmdastjórum hvers félags.

Til þess að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbinda félögin sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85:2012.
- Vinna að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastaðals
- Fylgja öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma og staðfesta hlítinu
- Framkvæma innri úttektir og rýni stjórnenda árlega
- Framkvæma launagreiningu að minnsta kosti árlega þar sem jafnverðmæt störf innan hvers félags eru borin saman til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar
- Kynna helstu niðurstöður launagreiningar fyrir starfsfólki
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugu eftirliti og umbótum þar sem þess er þörf
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki og hafa hana aðgengilega almenningi

Samþykkt af forstjóra Veritas,
Hrund Rudolfsdóttir
Garðabæ 15. febrúar 2023.